

## 1000. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. febrúar 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarnís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson, Þorlákur Jóhannsson, og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og fundargerð 998. fundar undirrituð.

### 2. Kjarasamningar

Gunnar Páll lagði fram gögn frá SA, „*Kjarasamningur milli VR/LÍV og Samtaka atvinnulífsins*“. Samsvarandi tilboð og önnur félög hafa fengið undanfarna daga. Gunnar Páll sagði að samningaviðræður hefðu verið með sérstöku sniði í þessari samningalotu þar sem SA hefðu verið að ræða við alla aðila. Það sem hér er boðið er 3 ára samningur sem gildir til ársins 2011 en þar sem kosningar verða í maí 2011 er talið betra að samningurinn sé annað hvort til ívið styttri tíma eða þá lengri. Gunnar Páll fór næst yfir þessi samningsdrög. Eftir umræður voru fundarmenn sammála því að halda áfram og klára þetta.

### 3. Framlag í varasjóð

Gunnar Páll lagði fram tillögu um framlag sjúkra- og orlofssjóðs í varasjóð. Samþykkt að miða við svipað framlagshlutfall, þó eilítið lægra en áður vegna minni vaxtatekna á síðasta ári. Endanleg ákvörðun tekin á næsta fundi við afgreiðslu reikninga.

### 4. Framboð til stjórnar VR

Gunnar Páll lagði fram bréf frá Teiti Lárussyni formanni kjörstjórnar um úrslit kosninga í stjórn og varastjórn sem fram fór á Nýársfundi VR 22. janúar 2008. Gunnar Páll upplýsti að ekkert mótframboð hafi borist fyrir hádegi í dag sem var lokaskiladagur framboðslista og því er listi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna sjálfkjörinn og tekur við frá og með næsta aðalfundi.

### 5. Erindi frá Félagi viðskipta- og hagfræðinga og Háskólanum í Reykjavík

Gunnar Páll lagði fram formleg erindi frá Háskólanum í Reykjavík og Félagi Viðskipta og Hagfræðinga um möguleika þeirra á aðkomu að VR, helst hvað varðar aðild að sjúkrasjóði félagsins. Nokkrar umræður urðu um þennan lið og skiptar skoðanir. Gunnar Páll fékk umboð til þess að ræða við þessa aðila áfram án skuldbindinga.

### 6. Samskiptasvið

Kristín Sigurðardóttir sviðsstjóri Samskiptasviðs lagði fram minnisblað um stöðuna hjá Samskipta- og þróunarsviði. Fór Kristín nokkrum orðum um það sem helst gerðist árið 2007 og það sem framundan er á árinu 2008. Það sem helst er framundan er kynning á væntanlegum kjarasamningum og svo ein stór herferð en efni hennar er enn óákveðið. Var Kristínu þakkað fyrir kynninguna og góða vinnu á hennar sviði.

## 6. Trúnaðarmenn

Kynntir tveir nýir trúnaðarmenn og einn sem er endurkjörinn. Engin athugasemd og þeir því samþykktir:

a	Gísli Kristján Gunnsteinsson	Rúmfatalagerinn - Smáratorgi	Nýr
b	Eydís Steindórsdóttir	IP-fjarskipti ehf	Nýr
c	Hafdís Kristinsdóttir	Icelandair - Technical services	Endurkjör